

Tilmæli 29/2021

Fyrri skjalsnúmer	A 1871/välfärd
Afgreiðsla	Forsætisnefndin
Fylgiskjal/-skjöl	Nefndarálit um þingmannatillögu um framleiðslu á norrænu bóluefni (A 1871/välfärd)

Framleiðsla á norrænu bóluefni

Með vísan í 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 4. nóvember 2021 eftirfarandi tilmæli að tillögu forsætisnefndarinnar.

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda

- að ríkisstjórnir Norðurlanda tryggi fjármögnun rannsókna á bóluefnum á Norðurlöndum*
- að ríkisstjórnir Norðurlanda taki höndum saman um norræna bóluefnaframleiðslu*
- að ríkisstjórnir Norðurlanda taki virkan þátt í marghliða starfi við að koma í veg fyrir að takmarkanir vegna einkaleyfa og vankantar á miðlun þekkingar og tækni standi í vegi fyrir skjótvirkri og hagkvæmri baráttu við farsóttir*

Kaupmannahöfn, 4. nóvember 2021

Bertel Haarder

forseti Norðurlandaráðs

Kristina Háfoss

framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs